



48. Stjórnarfundur Fenúr.

17. janúar 2003.

Mætt; Gunnar Bragason, Elías Ólafsson, Björn Halldórsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Cees Myles, Ragna Halldórsdóttir og Pétur Bjarnason.

Staður og stund; Skrifstofa Sorpu Gufunesi kl. 8:45.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Heimasíða.

Væntanleg heimasíða Fenúr var send stjórn fyrir fundinn til kynningar, fundarmenn ánægðir með síðuna. Ragna lagði áherslu á að síðan væri virk, notuð og uppfærð. Pétur leggur til að tenglum inn á síðuna verði komið víða.

3. Hlutverk starfsmanns Fenúr.

Cees telur að lög um úrvinnslugjald þurfi góða kynningu og komi til með að stokka þessi mál upp. Hann telur einnig að ný lög og stafshóparnir komi til með að fá töluverðan tíma á næstunni.

Björn nefnir fréttabréf, sem gæti tekið á málefnum líðandi stundar, s.s. urðunartilskipun, úrvinnslugjaldslögum og sjúkrahúsúrgang. Elías leggur til að gert verði rit þar sem ýmsar grunnupplýsingar komi fram, s.s. fjöldi og staðsetning urðunarstaða og jarðvegstippa, hvort þeir staðir hafi leyfi, verðskrá og hvort rekstrarkostnaður er þekktur.

4. Vinna í starfshópum og verkefni framundan.

Lagahópin þarf að endurskoða og gera virkan.

UBS ætlar að starfa í samræmi við markmið jafnframt því að taka tillit til nýrra laga. MEFÚ er að skipuleggja vinnuna.

5. Merkingamál.

Guðmundur kynnti samningsdrög frá Fjölprennt með breytingartillögum ásamt tillögu að nýrri verðskrá Fenúr.

Pétur leggur til að bæklingur til almennings verði gefin út. Fram koma hugmyndir um að viðeigandi merki verði notuð til kynningar á t.d. fernur, dagblöð og skilagjaldsumbúðir. Kynning á merkjunum á landsvísu rædd, -hver borgar slíka kynningu?



6. Lög um umbúðaúrgang, staða mála og kynningarfundur.

Til stendur að halda kynningarfund fyrir félagi Fenúr 23. – 24. janúar. Þar sem Ólafur Kjartansson og Guðmundur G. Þórarinsson kynna málið.

Lagt til að greinargerð um löggin verði fengin til birtingar á heimasíðu Fenúr.

7. Aðalfundur Fenúr. -11. apríl 2003.

- Stefnt er að aðalfundi 11. apríl 2003
- Kosning stjórnar; Gunnar gefur ekki kost á sér til formanns.
- Ráðstefna, tillögur að efni; Úrvinnslusjóður, Kjötmjöl ehf., UBS brennslustöð í Helguvík, urðunarmál á Eyjafjarðarsvæðinu, viðurkenning.
- Á aðalfundi verður skipuð nefnd sem velur hver hlítur frumkvöðla/hvatningarverðalaun Fenúr.

Fundi slitið kl.: 10:30